

Eystrahorn

40. töl. 36. árgangur

Fimmtudagurinn 8. nóvember 2018

www.eystrahorn.is

Gæðamenntun fyrir alla - ný menntastefna

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur sett af stað vinnu um mótun menntastefnu til 2030. Ný menntastefna mun setja í forgang þær miklu áskoranir sem íslenskt samfélag stendur frammi fyrir í mennta- og velferðarmálum og hafa heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til hliðsjónar. Leiðarljós nýrrar menntastefnu verður gæðamenntun fyrir alla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið leitaði til Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérþarfir um að taka út framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Miðstöðin skilaði úttektarskýrslu vorið 2017. Til að vinna að innleiðingu tillagna ráðherra, sem margar hverjar byggja á úttektinni, var stofnaður stýrihópur vorið 2017. Í stýrihópnum sitja nú fulltrúar mennta- og menningarmálaráðuneytis, velferðarráðuneytis, félags- og



jafnréttismála og heilbrigðismála, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Skólameistarafélags Íslands, Heimilis og skóla og Háskóla Íslands fyrir hönd kennaramenntastofnana.

Á haustmánuðum 2018 verða haldnir 23 fræðslu- og umræðufundir um allt land um menntun fyrir alla, sem lið í mótun nýrrar menntastefnu.

Miðvikudaginn 31. okt. sl. fundaði stýrihópurinn á Höfn með fólki úr Sveitarfélaginu Hornafirði, Djúpavogshreppi og Skaftárhreppi. Haldnir voru tveir fundir og var sá fyrri með forsvarsmönnum sveitarfélaga og ábyrgðaraðilum málaflokka

mennta-, velferðar- og heilbrigðismála. Seinni fundurinn var með fulltrúum kennara og foreldra allra skólastiga ásamt starfsmönnum skóla- félags- og heilbrigðismála í sveitarfélaginu. Samtals tóku þátt um 60 manns.

Markmið fundanna var:

- Að kynna og ræða helstu tillögur er snerta kerfislegt samstarf sem styður við framkvæmd menntunar fyrir alla sem leiðarljós nýrrar menntastefnu.
- Að ræða samstarf allra aðila í heimabyggð er koma að menntun fyrir alla og leggja drög að myndun tengsla- og samstarfsnets með tengingu við stýrihóp og aðrar áætlanir stjórnvalda.



Skjólgarðsdagurinn 1. nóvember



Fimmtudaginn 1. nóvember var Skjólgarðsdagurinn haldinn hátíðlegur. Þar var handverk heimilismanna til sýnis ásamt málverkum, en einu sinni í viku síðan 1. febrúar 2018 hefur verið haldið myndlistarnámskeið. Helena Braga nýr hjúkrunarstjóri kynnti sig, og Þorbjörg og Lís sögðu frá starfseminni á Skjólgarði.



Gestum var boðið að koma á sýninguna, fá sér kaffi og konfekt og hafa gaman.

Sýningin verður opin til 19. nóvember.

Þorbjörg og Lís



Hafnarkirkja

Fimmtudagurinn 11. nóvember
Helgistund kl. 17:00

Samkór Hornafjarðar, kirkjukórar
Djúpavogskirkju, Hofskirkju í
Öræfum og Prestbakkakirkju, ásamt
Ásakórnum frá Kirkjubæjarklausti
syngja við undirleik organista sinna.
Sr. Kristján Valur Ingólfsson fyrrum
víglubiskup segir frá útgáfu nýrrar
sálmabókar.
Spjall yfir kaffisopa eftir messu.
Allir velkomnir.

Prestarnir



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIRÐINGA

Þriggja kvöldu félagsvist FeH sem allir
hafa beðið eftir hefst í Ekrinni í kvöld
fimmtudag **8. nóvember kl. 20:00.**

Góð verðlaun að hætti hússins.

1000 kr, inn. Ekki posi.

Næst er spilað fimmtudaginn
15. nóvember kl. 20:00



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

19., 20. og 21. nóvember.

Tímamantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 16. nóvember.

Næsta skoðun 14., 15. og 16. janúar.

Frumherji

þegar vel er skoðað



Markaðurinn verður haldinn
laugardaginn 10. nóvember á Hafinu,
Heppuvegi 5, frá kl. 12:00 – 15:00.
Einnig verður opið hjá Hirðingjunum þennan dag.

*Markaðurinn er samstarfsverkefni sveitarfélagsins,
Hafsins og Hirðingjanna.*

Föstudagshádegi í Nýheimum

Föstudagshádegi í Nýheimum verður
haldið þann 09.11. og hefst dagskráin Kl. 12:30.

Fjallað verður um samband Þórbergs Þórðarsonar og
Halldórs Laxness, frá því að þeir kynntust fyrst í
Unuhúsi á öðrum áratug tuttugustu aldar og þar til
Þórbergur lést 1974. Sambandið hófst með mikilli
vináttu en átti eftir að verða strítt af ýmsum orsökum.
Soffía Auður fer yfir þessa flóknu vináttusögu og
lýsir hvernig hún kemur fram í ritverkum beggja
höfunda.

Súpa, nýbakað brauð og pesto 1000 kr.

Súpa, brauð og salatbar á 1500 kr.

í boði frá kl 12.00

(ath. að ekki er tekið við kortum)

Jólahlaðborð á Smyrlabjörgum

24. nóvember og 8. desember

**Húsið opnað kl. 19:30 og
borðhald hefst kl. 20:00**

Forréttir:

Villibráðasúpa, 3 tegundir síldarsalata, reykt og
grafin gæs, reyktur og grafinn silungur, úrval patéa,
hangikjöt að hætti bóndans ásamt ýmsu öðru.

Aðalréttir:

Brakandi purusteik, hreindýrasteik, naut frá
Lúciu, hreindýrabollur, hangikjöt, kalkúnn,
hamborgarhryggur ásamt fleiru og
tilheyrandi meðlæti

Eftirréttir:

Riz alaman, heimalagaður ís, eplakaka, konfekt og
crème brûlée.

Verð 8.700 kr.

Með gistingu og morgunmat 14.600 kr.

Borðapantanir í síma 478-1074.



Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur
velkomnir í hópinn.

HLS ehf.

Rnr. 0537-14-409068

Kt. 500210-2490

Vöktun á vaðfuglum á leirum umhverfis Höfn



Lilja við talningar úr Standey en til verksins eru notuð öflug fjarsjá og sjónauki.
Mynd: Snævarr Guðmundsson



Tjaldar á flóðsetri í Óslandinu nú í haust. Nýlegar rannsóknir sýna að 30% tjaldastofnsins (um 11000 fuglar) dvelja veturlangt við strendur Íslands, 3-500 þeirra dvelja á leirum við Höfn.
Mynd: Brynjúlfur Brynjólfsson

Við Náttúrustofu Suðausturlands eru unnin fjölbreytt verkefni tengd náttúru svæðisins. Í sumar hóf dr. Lilja Jóhannesdóttir störf hjá stofunni en hún er vistfræðingur að mennt. Lilja er ekki ókunnug svæðinu en hún bjó til 13 ára aldurs á Nýpugörðum á Mýrum. Rannsóknir hennar hafa að mestu beinst að tengslum vaðfugla og landnýtingar. Eitt af verkefnum Lilju er að fylgjast með fjölda vaðfugla á leirunum umhverfis Höfn. Á Íslandi eru ofurstórir vaðfuglastofnar afar áberandi í tegundafábreyttu landinu. Hvert mannsbarn þekkir angurvært bí

lúnnar og hnegg hrossagauksins. Vegna þeirra stóru stofna sem finnast hérlendis berum við Íslendingar sérstaka ábyrgð á velferð þeirra og þurfum að gæta að þeim búsvæðum sem þeir nýta. Leirur eru afar mikilvægar fyrir fæðuöflun vaðfugla og safnast þeir saman í stórum hópum, sérstaklega um fartímann að vori og hausti. Vöktun er nauðsynleg til að geta fylgst með breytingum á stofnstærð sem og breytingum á háttum. Í kjölfar loftslagsbreytinga hafa sumar tegundir verið að breyta fartímanum og koma nú fyrir að vori en

áður. Leirurnar umhverfis Höfn eru einstaklega mikilvægar enda það svæði sem farfuglarnir koma fyrst að eftir flugið frá Evrópu og Afríku. Fylgst hefur verið með fjölda vaðfugla á leirunum að vori fyrir stök verkefni, en ekki hefur fyrr verið gert átak í að fylgjast með fjöldanum árið um kring.



PÓKER

1.500kr byrjandamót þar sem þeir sem mæta í fyrsta skipti fá 1.000kr afslátt á mótagjaldi!

Fimmudaginn 8. nóvember kl 20:00

Kennsla og aðstoð í boði, komið og prófið, tilvalið fyrir vínahópa/saumaklúbba/þróttadeildir/staffahitting

TILVALIÐ FYRIR ALLA



Aðalfundur

Aðalfundur **Leikfélags Hornafjarðar** verður haldinn í Hlöðunni Fiskhól 5 **fimmtudaginn 15. nóvember kl. 20:00.**

Venjuleg aðalfundarstörf.
Lagabreytingar.

Stjórnin

Ferskur fiskur, fiskréttir, hamsatólg, rúgbrauð og margt fleira.

Þorláksmessuskatan er komin í verkun

Verið velkomin

Opið 14:00 til 18:00,

**mánudaga til fimmtudaga.
s: 8653302 og 4781169.**



Fundarboð

Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu verður haldinn í Holti á Mýrum **15. nóvember kl. 18:30**

- Aðalfundarstörf
- Kosning stjórnar
- Umræður

Allir áhugasamir velkomnir

Atkvæðarétt hafa skráðir skuldlausir félagar.

Hægt er að skrá sig formlega með því að senda tölvupóst til camping@simnet.is

*f.h. hönd FASK
Sigrún K.
formaður*



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Kynningarfundir um fjárhagsáætlun

Íbúafundir um fjárhagsáætlun og sorpmál í dreifbýli verða haldnir á eftirtöldum stöðum **þriðjudaginn 20. nóvember:**

- **Hrollaugstöðum kl. 17:00.**
- **Hofgarði kl. 20:00.**

Kaffi og með því.

Íbúafundur um fjárhagsáætlun og almenn mál:

- **Nýheimum föstudaginn 23. nóvember kl. 12:00.**

Súpa og kaffi.

Íbúar eru hvattir til að mæta á fundina og kynna sér framtíðaráform í sveitarfélaginu og ræða þau mál sem brennur á þeim.

*Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri*

Hafnarhittingur

Miðvikudaginn 14. nóvember

frá 17:00-20:00 í Heppuskóla og Íþróttahúsinu.

Þar verður eitthvað að gera fyrir alla, þrautabraut fyrir yngri börnin, skotbolti, breakout, legókeppendur sýna listir sínar, spil, tafl, barnagæsla, þrjón og notalegheit, sund, þvottaefnisgerð, borðtennis, boccia og fleira og fleira.

Svo verður að sjálfsögðu hægt borða kvöldmat á staðnum, skráning í mat fyrir 18:00.

Börn yngri en 12 ára komi vinsamlegast með fullorðnum.

Tilvalið tækifæri til að sinna áhugamálum eða eignast ný og hitta fólk og hafa gaman.

Markmiðið með Hafnarhittingi er að;

Styrkja fjölskylduna, styrkja félagsleg tengsl og styrkja bæinn okkar. Með opnu húsi viljum við bjóða nýtt fólk velkomið í bæinn en ýta líka undir að þeir sem hafa búið hér lengi geti kynnst nýju fólki.

Z-Bistro mun sjá um að elda mat sem boðið verður upp á á kostnaðarverði



Dagskrá á Hafnarhittingi

Íþróttahús

17:10 – 18:00 – Þrautabraut fyrir yngstu börnin og Körfubolta Stinger fyrir alla.

18:10 – 19:00 – Skotbolti

19:10 – 20:00 – Körfubolti. Körfuknattleiksdeildin sér um að halda uppi spili og leikjum.

Frítt í sund eftir klukkan 19:00

Heppuskóli

Stofa 1. Breakout - Geturðu brotist út ef þú lokast inni? Skemmtilegur leikur sem krefst samvinnu og hugmyndaríkis.

Stofa 2. Legókeppni – legóhóparnir keppa sín á milli og sýna róbótana sína.

Stofa 4. Borðtennis - Borðtennismót klukkan 18:00

Stofa 5. Boccia. Kennsla og keppni í Boccia

Stofa 7. Barnahornið – þar geta litlu börnin leikið sér saman og gæsla verður á staðnum.

Neðri hæð miðrymi

- Kaffihúsastemning með tafl, spilum, þrjóni og hekli.
- Þvottaefnisgerð - viltu læra að búa til þitt eigið þvottaefni? Komdu með 500 kr og eitt sápuþykki og við kennum þér.
- Kynningar á taubleium og taubindum.
- Kynning á Unglingalandsmóti sem verður hér 2019.
- Kynning frá Amnesty

Bókasafnið í Heppuskóla - þrjónahornið, nýjar bækur liggja frammi

Eldhúsið í Heppuskóla – matur á kostnaðarverði frá 18:30 – 19:30.

(Birt með fyrirvara um breytingar)

Við hlökkum til að sjá ykkur
Nemendur og starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar

Uppeldi sem virkar

Námskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar* er sérstaklega þróað fyrir foreldra á Íslandi og stuðst við viðurkennd fræði og vel rannsakaðar aðferðir.

Lögð er áhersla á að kenna foreldrum leiðir til að vera samtaka í uppeldinu og skapa æskileg uppeldisskilyrði sem ýtir undir færni sem líkleg er til að nýtast barninu til frambúðar. Foreldrar læra aðferðir til að styrkja eigin hæfni, laða fram æskilega hegðun barnsins og fyrirbyggja erfiðleika á jákvæðan hátt. Námskeiðið á að henta öllum foreldrum ungra barna, a.m.k. að sex ára aldri.

Hvert námskeið er samtals 8 klukkustundir, 2 klukkustundir í senn einu sinnu í viku, alls 4 skipti. Þátttakendur þurfa að skrá sig og greiða fyrirfram og er ætlast til að mætt sé í öll fjögur skiptin.



Hvernig er hægt að:



- Koma í veg fyrir hegðunarerfiðleika?
- Hjálpa börnum að þróa með sér öryggi, sjálfstæði og jákvæðni?
- Auka eigin styrkleika og færni í foreldrahlutverkinu?
- Nota aga á jákvæðan og árangursríkan hátt?
- Kenna börnum æskilega hegðun?
- Takast á við venjuleg vandamál í uppeldi?

Námskeiðsgjald er 10.000 kr. fyrir einstaklinga og 12.600 kr. fyrir þör - námskeiðsgögn innifalín.

Byggir námskeiðið á Uppeldisbókinni sem Skrudda gefur út.

Námskeið verður haldið hér á Hornafirði þann 14. nóvember n.k. í Ekrusal kl. 19.30.

Skráning á netfangið hsu@hornafjordur.is eða á heilsugæslustöðinni í s: 470-8600 frá kl. 11.00 virka daga.



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Fundur um fjallskilasamþykkt

Upplýsingafundur um drög að Fjallskilasamþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar verður haldinn í Holti á Mýrum þann 14. nóvember kl. 20:00.

Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstjóri

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / www.hornafjordur.is

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga Gjádalur í Lóni



Farið verður 10. nóvember kl. 10:00 frá Tjaldstæðinu.

1000 kr. fyrir fullorðna, frítt fyrir 16 ára og yngri.

Létt ganga inn Gjádalinndir Hlíðum Hvammsheiðar

Hvetjum alla til að koma með og njóta útiverunnar.

Ólöf K. Ólafsdóttir augnlæknir verður með stofu á heilsugæslustöð Hornafjarðar dagana **19.-22. nóvember n.k**

Tímamantanir í síma 470-8600 virka daga.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



PERSÓNU
VERND



OPINN KYNNINGARFUNDUR MEÐ PERSÓNUVERND

Fundaröð Persónuverndar um nýja persónuverndarlöggjöf 2018

Mánudaginn 12. nóvember

kl. 12-14

Hótel Höfn, Höfn í Hornafirði

Á fundinum verður fjallað um grunnreglur persónuverndarlaganna sem allir þurfa að kunna skil á, þýðingu þeirra fyrir einstaklinga og þær kröfur sem lögin gera til fyrirtækja og annarra sem vinna með persónuupplýsingar.

Boðið verður upp á súpu og brauð.

Allir velkomnir!


Nánari upplýsingar og skráning á www.personuvernd.is



Kynningarherferðin er styrkt af Evrópusambandinu
– The European Union's Rights, Equality
and Citizenship Programme (2014-2020)

STARF Í BOÐI

Almenn afgreiðsla



Við óskum eftir að ráða einstakling í **fullt starf** á flugvellinum á **Höfn í Hornafirði**.

Starfið felur í sér almenn afgangslustörf, símsvörun, bókanir í flug, innritanir, hleðslu á flugvélum, útkeyrslu og annað tilfallandi.

Við leitum að einstaklingi með hæfni í mannlegum samskiptum, bílpróf, öguðum vinnubrögðum og góðri enskukunnáttu.

Umsóknir sendist til Vigdísar á netfangið vigdis@ernir.is en umsóknarfrestur er til **23. nóvember** næstkomandi.



Flugfélagið Ernir
562 2640 / 478 1250
ernir@ernir.is / ernir.is



EAGLE AIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR